



## Minnisblað vegna efniskönnunar við Svalbarð í Þistilfirði 12.10. 2000

Halldór G. Pétursson

Náttúrufræðistofnun Íslands, Hafnarstræti 97, 600 Akureyri

### - Unnið fyrir Vegagerðina á Akureyri

Undirritaður kannaði efni til vegagerðar við Svalbarð í Þistilfirði, ásamt Jóni Erlendssyni frá Vegagerðinni þann 12. okt. sl. Tilefnið er nýr vegur og ný brú á Svalbarðsá, nokkru neðar og austar en núverandi brú og vegur um svæðið. Könnunarholur voru grafnar með beltagröfu og nokkur sýni voru tekin til frekari rannsókna. Holurnar voru allar staðsettar af Jóni með GPS mælingum og eru þau gögn í vörslu hans. Meðfylgjandi eru einföld riss af holusniðum og kornastærðakúrfur af sýnum.

### Holur austan við Svalbarð

Könnuð voru þrjú svæði við núverandi þjóðveg austan við Svalbarð. Fyrsta svæðið er hjalli við þjóðveginn sunnan við stöð 900 á fyrirhugaðri veglínu. Annað svæðið er utan í holti sunnan við þjóðveginn, út frá stöðvum 600-800 á fyrirhugaðri veglínu. Þriðja svæðið er við þjóðveginn meðfram stöðvum 400-600 á fyrirhugaðri veglínu.

Hola 1 var grafin niður í hjallann á fyrsta svæðinu (mynd 1). Efst í holunni er jarðvegur 0,7-1 m þykkur. Undir honum er sandur með malarlinsum/lögum niður á 3,2 m dýpi, en sandurinn verður fínni niður á við. Sýni var tekið af sandinum (mynd 4). Þar neðan við var komið í grófa möl með steinum og hnnullungum, sem náði a.m.k. niður á 4 m dýpi eða eins djúpt og grafið var. Algengasta steinastærð er 0,05-0,1 m, en stærstu hnnullungar voru um 0,4 m í þvermál. Pessi jarðmyndun er fornt strandset eða gömul fjara mynduð við hærri sjávarstöðu í ísaldarlok. Reyndar eru þarna á ferðinni tveir fjörukambar og er mölin í botni holunnar ummerki eldri hnnullungakambs. Eftir að hann myndaðist steig sjávarmál, samhliða því að jöklar gengu í sjó fram. Fínkorna sandur í efri hluta holunnar er því sennilega ættaður frá jöklunum og gamli hnnullungakamburinn því grafist undir sandríku fjöruseti við sjávarstöðu sem var um 3-4 m hærri. Ummerki um þá strönd eða fjörukamba tengda henni, má rekja um allt Svalbarðssvæðið og reyndar um allan Þistilfjörð. Liggur þjóðvegurinn víða á þeim og var veginum víða ýtt upp úr þeim. Efnismagn í gömlu fjörunni umhverfis holu 1 er af stærðargáðunni  $15.000 \text{ m}^3$  af sandi (100x50x3), en af efnisvinnslu yrði á þessum stað, þá þyrfsti að moka burtu núverandi þjóðvegi. Ekki er víst að mikið efnismagn leynist í grafnna hnnullungakambinum.

Holur 2, 3 og 4 voru grafnar utan í holti ofan við þjóðveginn rétt austan við holu 1 (mynd 1). Tilgangurinn var að kanna þykkt á jökulruðningnum í holtinu og möguleika

á fyllingarefnisnámu á þessum slóðum. Hér er um að ræða reit 200x100 m á kant og er hann að mestu þakinn lyngmóum.

Í holu 2 sem er austast og næst þjóðveginum var fyrst grafið í gegnum 0,4 m af jarðvegi og síðan niður á 3,2 m dýpi í fíngerðan jökulruðning sem innihélt stöku steina og hnullunga, allt að 0,3x0,6 m að stærð. Sýni var tekið af jökulruðningnum (mynd 5). Jökulruðningurinn harðnaði og varð erfiðari í grefti eftir því sem neðar kom. Neðst jókst grjótmagn til muna og var sumt af því stórt, allt að 0,4x0,8 m að stærð. Ekki er ólíklegt að hér sé stutt niður á klöpp.

Hola 3 er um 100 m sunnar og ofar í holtinu. Þar var fyrst grafið í gegnum 0,2 m af jarðvegskenu foklagi, en jarðvegsþykkt í börðum hér í kring er um 1 m. Síðan var grafið í jökulruðning og komið á klöpp á 2,1 m dýpi.

Hola 4 er svo um 200 m austan við. Þar var fyrst grafið í gegnum 0,4 m þykkt jarðvegslag og síðan í jökulruðning, þar til komið var á klöpp á 1,8 m dýpi.

Gera má ráð fyrir að hérrna megi fá a.m.k. 30-40.000 m<sup>3</sup> af jökulruðningi sem fyllingarefni (200x100x1,5-2). Búast má við að fjarlægja verði um 10-20.000 m<sup>3</sup> af jarvegi ofan af efninu.

Holur 5, 6, 7 og 8 voru allar grafnar á fornnum fjörükambi sem liggur um mýrarnar austan við holtið (mynd 2). Þjóðveginum verið ýtt upp úr kambinum, sem reyndar heldur mýrunum uppi. Hann er gerður úr tiltölulega fínum sandi og leir/siltríku efni, sem innihélt allt að 50% fínefni. Ekki er hér um mikið efnismagn að ræða eða um 9-10.000 m<sup>3</sup> af sandi (100x30x3) og hér verður að fara mjög varlega í efnistöku til að ræsa ekki mýrarnar fram, en þær eru mjög stórar. Í ljósi kornastærðargreininga af efninu er heldur ekki svo spennandi að stunda efnisnám þarna.

Hola 5 er vestast og syðst á kambinum. Niður á 2,6 m dýpi skiftast á lög af fínsandi og linsur af grófum sandi möl, en þar undir er leirríkt lag eins langt og grafið var eða niður á 3,2 m dýpi.

Hola 6 er næst fyrir austan. Hún var grafin í vegsárinu, liggur því lægra en aðrar holur og nær niður í jarðög sem liggja dýpra. Niður á 3 m dýpi var grafið í leir/siltríkann sand, en þar undir var komið í þétpakkaðan, hreinan fjörusand, sem erfitt var að grafa í en farið var niður á 3,2 m dýpi. Líklega er þarna á ferðinni grafinn fjörükambur, eins og í holu 1. Sýni var tekið af leirríka efninu, en það mun hafa valdið tölverðum taugatitringi hjá þeim vegagerðarmönnum sem séð hafa kornakúrfu þess, enda inniheldur það um 50% fínefni (mynd 6). Kornakúrfan gefur góða hugmynd um hvers konar efni leynist í innviðum þessa forna fjörukambs.

Hola 7 er næst fyrir austan, uppi á því sem eftir er af óróskuðum hluta fjörukambsins. Þar var grafið 3,4 m niður í skálaga sand með lög/linsur af möl og smásteinum. Sýni var tekið sandinum og þykir kornadreifing þessi, ekki góð í burðarlag (mynd 7).

Hola 8 er svo austast og alveg við veginn. Efst í henni er 0,1 m þykkt foklag, þar undir möl og steinar niður á 1 m dýpi og síðan grófur sandur niður á 3 m dýpi, en þá var ekki komið niður úr honum.

### Holur við Sævarland

Ofan við þjóðveginn við Sævarland er grýttir hnullungakambar myndaðir við hærri sjávarstöðu í ísaldarlokin. Þarna hefur sest til mikið af grófu efni í vari við sjávarkletta, en brim hefur brotið efnið úr klettunum. Efnið er hreint og virðist sterkelegt. Þarna voru grafnar nokkrar holur (hola 9, 10, 11 og 12, mynd 3) og reyndist í þeim öllum, nema holu 11, gróf möl með miklu magni steina, en þeir stærstu voru 0,3 m í þvermál. Í holu 11 var grófur og hreinn fjörusandur með stöku steinum. Sökum þess hve þétpakkað og gróft efnið er, var tiltölulega erfitt að grafa í það, og



því ekki farið nema tæpa 2 m niður í það, nema í sandinn í holu 11, en þar var grafið 3,2 m. Mölin er þó örugglega tölvert þykkari, því að tölverður hæðarmunur er á holunum (mynd 3). Reiknað er með að þarna finnist a.m.k.  $30.000 \text{ m}^3$  af efni, sem er af svo háum gæðaflokki að brjóta má það í efra burðarlag (kornakúrfa, mynd 8). Tölvert meira efni er þarna á svæðinu, t.d. innan girðingar umhverfis sumarbústað sem stendur þarna sunnar á hjallanum. Það svæði verður vart notað til efnisnáms, þannig að hluta þessarar jarðmyndunar verður hlíft.

29.12.00/HGP

# AUSTAN VID SVALBARD

HNIÐ HJÁ VR

HOLA 1 OFAN VEGAR Á HJALLA




← 0,7-1 m JARÐVEGUR

SANDUR MED MALAR LINSLUM/LÖGLIN  
SÝNI VERÐUR FINNI NIÐUÁ VIÐ

GROF MÖL OG STEINAR ALG 0.05-0.1 ALLTÅB 0.4m  
← GRAFIÐ 4m


## HOLÍ AUSTAN VID SVALBARD



16m X



HOLA 2

AUSTAST OFAN VID BLAUTAN FLÓA  
0,4 m JARÐVEGUR




FINGERÐUR JÖKUL- RUÐNINGUR MED STÖKLU STEINUM STÆRSTU 0,3×0,6 m  
SÝNI HARÐNAR NIÐUR Á VID-MJÖGHARTI BOTNI OG PAR KEMUR UPP STÖRT GRJÓT 0,8×0,4  
← GRAFIÐ 3,2 m

## HOLA 3 SYÐST Á MEL í MÖLUM




MYND 1

HOLUR Á KAMBI MED FRAM VEGI AUSTAR, VEGAR YTT UPP LÍR KAMBÍ



HOLA 5: VESTAST ÓZ SYDSTÁ KAMBINUM




SKIFTAST Á  
LÖG AF  
FINUM SANDI  
OG  
GRÖFLIM SANDI/MÖL

LEIR/FIN SANDUR  
← GRAFIÐ 3.2 m

HOLA 7

UPPI Á Því SÉM  
EFTIR ER ÁF  
FJÖRKAMBÍ



SKÁLAGA  
SANDUR/MÖL  
SMÁ STEINAR

SÝNI


← GRAFIÐ 3.4 m

DETTA ER FORN FJÖRKAMBUR  
SÉM HELDUR UPPÍ  
STÓRRI MÝRI



HOLA 6

Í VEG SÍARI  
LEGGM EN ADRAR  
HOLUR




LEIR/FIN SANDUR

SÝNI

← GRAFIÐ 3.2 m  
PÉTT PAKKADUR  
FJÖRLISANDUR / FINN  
-HREINN

HOLA 8

VÍÐ VEGINN, AUSTAST



← FOK 0.1 m

MÖL OG STEINAR  
1 m


GRÖFUR

SANDUR


← ~~GRAFIÐ~~ 3.0 m

# HOLUR VID SIEVARLAND


HNÍÐ HJÁ VR




HOLA 9 Í VEGSÁRI, LÆGST




HOLA 10 Í GRYFJU BOÍNÍ  
1-2 m DJUP  
GRYFJA



HOLA 11 NÆST HLÍÐ



HOLA 12 NYRST ÓG NÆST KLETTUM



## RANNSÓKN Á KORNASTÆRÐUM

Fyrir: Vg  
Náma: Svalbarðsmelar 1Dags.: 5-DES-00  
Fr.af: R.Jó


Stöð	Gryfja	Dýpt	Votsigt	Pyngd	Raki	γs	Efnisfl	Frostfl	Efni	Sýni
	J		1068		8.3		GW-	F1/		R-01

## Efnisfl:

R-01: Möl, sendin, góð kornadreifing, fínefni &lt; 5%.

## Umsögn:

R-01: Svalbarðsá, hola 1

Markalínur:  
Athugasemdir:

mynd 4

## RANNSÓKN Á KORNASTÆRDUM


Fyrir: Vg  
Náma: Svalbarðsmelar 1Dags.: 5-DES-00  
Fr.af: R.J6

Stöð	Gryfja	Dýpt	Votsigt	Pyngd	Raki	ys	Efnisfl	Frostfl	Efni	Sýni
	J		876		11.5		GM-**	F3/	R-01	

Efnisfl:

Umsögn:

R-01: Svalbarðsá, hola 2

Markalínur:  
Athugasemdir:*Mynnd 5*

## RANNSÓKN Á KORNASTÆRÐUM


Fyrir: Vg  
Náma: Svalbarðsmelar 1Dags.: 5-DES-00  
Fr.af: R.Jó

Stöð	Gryfja	Dýpt	Votsigt	Pyngd	Raki	γs	Efnisfl	Frostfl	Efni	Sýni
J			1845		16.0		C*-**	F4/		R-01

Efnisfl:

Umsögn:

R-01: Svalb. hola 6

Markalínur:  
Athugasemdir:

Mynd 6.

## RANNSÓKN Á KORNASTÆRÐUM

Fyrir: Vg  
Náma: Svalbarðsmelar 1Dags.: 5-DES-00  
Fr.af: R.J6


Stöð	Gryfja	Dýpt	Votsigt	Pyngd	Raki	ys	Efnisfl	Frostfl	Efni	Sýni
	J		926		5.0		GP-	F1/		R-01

## Efnisfl:

R-01: Möl, sendin, slæm kornadreifing, fínefni &lt; 5%.

## Umsögn:

R-01: Svalb. hola 7

Markalínur:  
Athugasemdir:

Mynd 7



## Rannsókn á kornadreifingu

Framkv. af SS

Fyrir:

Vegagerðina

Náma:

Sævarland í Þistilfirði

Vegna:

Sendandi:

Rúnar Jónsson

Heildarþungi sigtaðs sýnis (g): Heildarþungi (<16mm) (g): Merking sýnis:

Hola 10

Bakki (tara), (g):	Frátekið+bakki (g):	Purnt +bakki (g):	Votsigt. + bakki (g)	Húmus, gr.:	Slamm, %:	Raki, %
387,4	3124,3	3048,4	2999,6			2,9
Möskv. 64 32 22,4 16	11,2 8 4	2 1	0,5 0,25	0,125 0,063	botn	
Þyngd (g) 0 0 0 0	1060,1 1381,3 1752,2 1973,6	2167,1 2367,6	2541,0 2586,7 2610,9 2616,2			
Sáldur, % 100,0 100,0 100,0 100,0	60,2 48,1 34,2 25,8	18,6 11,0 4,5 2,8	1,9			

Athugasemdir:

Votsigtað

